

11. fundur

Safnanefnd Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 30. september 1999 kl. 17:30 í Ráðhúsinu.

Mættir voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, formaður, Ægir Jóhannsson, Laufey Hjaltalín og Guðmundur Andrésón sem ritar fundargerð.

Auk þeirra Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins í Stykkishólmi.

Dagskrá:

1. Yfirlit um starfsemi Amtbókasafnsins.
2. Bréf Samtaka forstöðumanna.
3. Önnur mál.

Formaður setti fund og stýrði. Hún sagði frá því að Guðmundur Páll Ólafsson myndi ekki starfa með nefndinni í vetur vegna anna og að Gunnar Gunnarsson hefur sagt sig úr nefndinni.

1. Yfirlit um starfsemi Amtbókasafnsins.
Sigurlína sagði frá starfinu í sumar og samstarfi við Skýrr hf. um bókasafnskerfið Feng. Fyrirhugað er námskeið á vegum Skýrr fyrir notendur kerfisins. Skráning gengur vel.

Norræna bókavikan verður 8. til 14. nóvember nk. og mun safnið taka þátt í því.

2. Bréf Samtaka forstöðumanna.
Bæjarráð Stykkishólms vísaði bréfi forstöðumanna almenningsbókasafna dags. 23.6.1999 til nefndarinnar, varðar lög um almenningsbókasöfn.
Rætt um efni bréfsins. Nefndin mun ganga frá umsögn á næsta fundi.
3. Önnur mál.
Guðrún sagði frá því að bæjarfulltrúar hefðu rætt um málefni fyrirhugaðs bátasafns við fjárveitinganefnd Alþingis.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:57.

Guðmundur Andrésón, fundarritari (sign.).

Laufey V. Hjaltalín (sign.),
Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),

Ægir Jóhannsson (sign.),
Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.).